

Nd.

457. Breytingartillögur

við tillögu til þingsályktunar um undirbúning fullkominnar klæðaverksmiðju fyrir landið.

Flutningsmenn: Sveinn Ólafsson, Halldór Stefánsson, Þorleifur Jónsson og Ing. Bjarnarson.

I. Tillagan orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa 5 manna nefnd til undirbúnings aukins ullariðnaðar í landinu, þar með heimilisiðnaðar. Nefndarmenn skulu vera sinn úr hverjum landsfjórðungi og einn úr Reykjavík. Búnaðarfjélagið, Fiskifjélagið, Verzlunarráðið og Samband ísl. samvinnufjelaga hafa hvert um sig tillögurjett um skipun eins manns í nefndina.

Verkefni nefndarinnar skal vera:

1. Að athuga og gera tillögur um alla aðaldrætti í fyrirkomulagi ullariðnaðar í landinu.
2. Að rannsaka skilyrðin fyrir aukinni dúkagerð, fyrst og fremst til fullnægingar á klæðþörf landsmanna, hvar og hve víða væri haganlegt að stofna til hennar og hvern stuðning ríkið gæti veitt tóvinnufyrirtækjunum, án verulegra útgjalda eða fjárhættu.
3. Að gera ítarlegar kostnaðaráætlanir fyrir tóvinnustofnanir þær, sem nefndin telur tiltækilegt að koma þegar á fót.
4. Að athuga, hvernig líklegast væri að safna stofnfje til fyrirtækjanna, kynna sjer áhuga og getu hjeraðanna til að koma tóvinnufyrirtækjum upp og leita þar loforða um fjárframlög.

Nefndin leggi fyrir næsta Alþingi álit sitt og tillögur. Nefndarmenn vinni kauplaust, en ferðir þeirra og útlagður kostnaður greiðist úr rikissjóði.

II. Fyrirsögn tillögunnar verði þannig:

Tillaga til þingsályktunar um undirbúning aukins ullariðnaðar í landinu.